

**Nd.**

## **25. Frumvarp til laga**

[25. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 2. mgr. 19. gr. laganna, sbr. 3. gr. 1. nr. 25/1984, bætist nýr másl. svohljóðandi: Heimilisuppbót skal enn fremur greiða ef á framfæri bótaþega eru börn yngri en 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Í 19. gr. almannatryggingalaga eru ákvæði þess efnis að elli- og örorkulífeyrisþegum, sem fá óskerta uppbót (tekjutryggingu) og eru einir um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skuli greidd heimilisuppbót. Elli- og örorkulífeyrisþegum, sem sjá einir um framfærslu heimilis og hafa börn á framfæri sínu, er aftur á móti synjað um heimilisuppbót.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja elli- og örorkulífeyrisþegum, sem hafa börn undir 18 ára á framfæri sínu, sama rétt til heimilisuppbótar og þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem búa einir.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem búa einir, fá greidda heimilisuppbót vegna aukinna útgjalda sem leiða af því að þeir njóta ekki fjárhagslegs stuðnings eða hagræðis af sambýli við aðra um heimilisrekstur. Þessi rök gilda ekki síður um elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa börn undir 18 ára aldri á framfæri sínu. Með engu móti verður sagt að elli- og örorkulífeyrisþegar hafi af því fjárhagslegan stuðning í útgjöldum, hvorki um húsnæðisnéfæðiskostnað, að hafa börn á framfæri sínu. Þvert á móti fylgja framfærslu barna mikil útgjöld sem koma ekki síst niður á þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem einungis hafa sér til framfærslu lífeyri almannatrygginga. Barnalífeyrir, 3777 kr. á mánuði, greiddur með börnum elli- og örorkulífeyrisþega til 18 ára aldurs, breytir hér litlu um og réttlætir það alls ekki að synja um greiðslu heimilisuppbótar sem er 2719 kr. á mánuði. Rétt er að geta þess að barnalífeyrir er greiddur með öllum börnum ef annaðhvort foreldri er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Tryggingaráði er einnig heimilt að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega.

Að auki má benda á ákvæði reglugerðar um eftirgjöf á föstu ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega. Þar er sérstakt tillit tekið til elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa börn á framfæri sínu. Skilyrði fyrir því að ársfjórðungsgjald hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sé fellt niður er m.a. að elli- eða örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar (tekjutryggingar), að umsækjandi búi einn, *en teljist þó jafnframt uppfylla skilyrði fyrir niðurfellingu afnotagjalds þótt fólk undir 25 ára aldri dveljist á heimilinu*. Hér er því vikið frá meginreglunni um að búa einn til að fá uppbót á lífeyri almannatrygginga með niðurfellingu á afnotagjöldum af síma *ef á heimilinu er fólk undir 25 ára aldri*. Hér hefur því í reynd verið gengið lengra en frumvarp þetta kveður á um, þ.e. að skerða ekki sérstakar uppbætur á elli- og örorkulífeyri með niðurfellingu á afnotagjöldum þótt á framfæri séu börn, skyldmenni eða annað heimilisfólk undir 25 ára aldri.

Í reynd er með þessari reglu viðurkennt að heimilisreksturinn sé elli- og örorkulífeyrisþegum að öllu jöfnu ekkert léttbærari þó að á heimilinu búi einnig fólk undir 25 ára aldri. Því beri ekki á þeirri forsendu að skerða rétt þeirra til að fá niðurfelld afnotagjöld af síma. Þetta styður þá skoðun flm. að engin rök séu fyrir því að synja um greiðslu heimilisuppbótar þegar á framfæri elli- og örorkulífeyrisþega eru börn undir 18 ára aldri. Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta ekki við slíkar aðstæður fjárhagslegs hagræðis af sambýli við aðra, þvert á móti eykur það jafnan útgjöld í heimilisrekstrinum verulega.

Áætla má að útgjöld almannatrygginga vegna heimilisuppbótar verði á þessu ári um 19 milljónir króna. Á s.l. ári voru 617 öryrkjar og ellilífeyrisþegar með 967 börn á framfæri sínu. Alls 11 ellilífeyrisþegar fengu barnalífeyri og höfðu óskerta tekjutryggingu og 129 öryrkjar. Í heild voru ellilífeyrisþegar með barnalífeyri 33 og öryrkjar, sem fengu barnalífeyri, 584. Ekki eru handbærar upplýsingar um það hve margir af þessum 617 elli- og örorkulífeyrisþegum *búa einir* með börn á framfæri. Telja verður þó víst að sá hópur sé ekki stór og því um óveruleg útgjöld að ræða verði frumvarp þetta að lögum.